



Ættleiðing

Fréttabréf Íslenskrar ættleiðingar • Febrúar 2005





Stjórn og starfsmenn

Íslensk ættleiðing

Ármúla 36, Selmúlamegin,
108 Reykjavík.
Pósthólf 8334, 128 Reykjavík.
Sími 588 1480
Fax 588 1481
isadopt@simnet.is
<http://www.isadopt.is>

Skrifstofutími

Mánuðaga til fimmudaga kl 10 - 13. Tímapantanir eftir þörfum.

Stjórn

Lísa Yoder formaður
Gerður Guðmundsdóttir
varaformaður
Ingvar Kristjánsson gjaldkeri
Ásta B. Þorbjörnsdóttir ritari
Ingibjörg Jónsdóttir meðstj.
Helga Gísladóttir meðstj.
Guðmundur Guðmundsson meðstj.

Fraðslufulltúrar

Ingibjörg Birgisdóttir
Ingibjörg Jónsdóttir

Skemmtinefnd

Klara Geirs dóttir
Arnþrúður Karlsdóttir
Hrönna A. Björnsdóttir
Ingibjörg G. Mariusdóttir
Svava Rafnssdóttir

Fjárlöfunarnefnd

Guðrún Hólmeigarsdóttir
Kristjana E. Jóhannsdóttir
Sigrún Snorradóttir
Sigurlín Baldursdóttir

Ritnefnd

Alda Sigurðardóttir
Gísleina Ólafsdóttir
Snjólaug Elín Sigurðardóttir
Stefán Árni Stefánsson
Þórdís Ívars dóttir

Ábyrgðarmaður

Lísa Yoder

Norðurlandsdeild

Elín Hallgrímsdóttir, Akureyri
Helgi Stefánsson, Akureyri

Umbrot

alvara.is

Prentun

Prentsíðjan Ísafold

Meðal efnis

Fréttir af félagsstarfinu, ljósmyndir, viðtal, barnaopna, matarhorn, vögguvísa og margt fleira.

Öllum þeim fjölmörgu sem lagt hafa til efni í blaðið eru færðar bestu þakkir.

Forsíðumyndin er tekin í Kolkata 2002. Feðgarnir nýbokuðu heita Órn Sverrisson og Magnús Orri Arnarson en blaðið er að pessu sinni tileinkað feðrum í félaginu.



Hér er stutt kynning á meðlimum stjórnar ÍAE og starfsmönnum á skrifstofu, talið frá vinstri.

Lísa Yoder, formaður Íslenskra ættleiðingar, á 9 ára gamlan son frá Kolkata. Hún er lögfræðingur hjá KPMG.

Ásta Björg Þorbjörnsdóttir, ritari stjórnar, sér einnig um heimasíðuna. Börn hennar eru 6 ára gömul dóttir og 3 ára sonur sem bæði eru fædd í Indlandi. Ásta starfar sem kerfisfræðingur hjá Visa Ísland.

Helga Gísladóttir er meðstjórnandi og sótti dóttur sína sem nú er 3ja ára til Kína í maí 2002. Hún starfar sem svíðsstjóri og sérkennari hjá Fjölmennet.

Gerður Guðmundsdóttir, varaformaður, er leikskólafulltrúi hjá Kópavogsbæ. Synir hennar eru 3 og 6 ára gamlar og fæddir í Indlandi.

Ingibjörg Jónsdóttir er meðstjórnandi og annar fraðslufulltrúa ÍAE. Hún á tvær dætur frá Indlandi, 4 og 6 ára og einn 21 árs gamlan son. Hún er félagsfræðingur hjá Félagsþjónustu Hafnarfjarðar.

Ingvar Kristjánsson er gjaldkeri og dætur hans frá Indlandi eru 7 og 9 ára gamlar. Ingvar er tæknistjóri hjá Landhelgisgæslunni.

Guðmundur Guðmundsson er meðstjórnandi og á tvíbura, dreng og stúlk, sem komu heim frá Kólumbíu í september 2003. Guðmundur er framkvæmdastjóri upplýsingasviðs Landsbankans.

Guðrún Ó. Sveinsdóttir hefur unnið á skrifstofu ÍAE frá upphafi, nú sem skrifstofustjóri. Hún var lengi í stjórn félagsins og er kennari að mennt. Börn hennar eru tvítug dóttir sem fædd er á Sri Lanka og 17 ára sonur frá Indlandi.

Fanney Reynisdóttir hefur unnið hjá ÍAE í eitt og hálftr ár. Hún á 3 dætur, 13, 10 og 7 ára.

Fundarboð

Aðalfundur Íslenskra ættleiðingar verður haldinn þann 31. mars 2005 kl. 20:30 í Fosshotel Lind, Rauðarárstíg 18.

Dagskrá:

1. Venjuleg aðalfundarstörf:
 - * Kosning fundarstjóra og -ritara
 - * Skýrsla formanns
 - * Ársreikningar félagsins
 - * Ákvörðun félagsgjalds
 - * Kjör stjórnar
 - * Kjör nefnda
2. Ónnur mál
- Kaffiveitingar
3. Almennar umræður um starfsemi félagsins. Félagsmenn eru hvattir til að fjölmenna og mæta stundvislega. Aðeins skuldausir félagar hafa atkvæðisrett.

Stjórnin

Félagsgjöld

Við hvetjum alla félagsmenn til að greiða árgjaldið. Síðastliðið vor voru sendir út gírósedlar með gjöldum tveggja ára, þ.e. 2003 og 2004. Enn eiga margir eftir að greiða seðlana og viljum við benda fólk á að í lögum félagsins segir: Einungis skuldausir félagar geta notið fyrirgreiðslu af hálfu félagsins.

Samstarf við Tékkland

Íslensk ættleiðing hefur nú hafið samstarf við ættleiðingaryfirvöld í Tékklandi. Má reikna með að í framtíðinni verði árlega ættleidd þaðan nokkur börn til Íslands ef nógum margir umsækjendur hafa áhuga.

Helstu skilyrði eru gifting og sambúð í a.m.k. 3 ár. Umsækjendur séu 25- 38 ára þegar umsókn er send, þegar upplýsingar um barn koma mega umsækjendur ekki vera meira en 40 árum eldri en barnið. Barnlausir hafa forgang og best er að senda ófrjósemisvottorð. Umsækjendur séu ekki á sakaskrá.

Sé umsögn gerð af félagsráðgjafa eins og venja er hérlandis þurfa umsækjendur að fá á eigin kostnaða sálfræðimat til að senda með umsókninni.

Einhleypir eiga örlitla möguleika á ættleiðingu í Tékklandi en aldursmörk eru mun strangari en t.d. í Kína.

Börnin eru oftast milli tveggja og þriggja ára gömul, hægt er að sækja um ættleiðingu eldra barns. Yngstu börnin eru alltaf ættleidd innan Tékklands og

börnin sem ættleidd eru til útlendinga eru langflest af sígonskum uppruna. Oft eru einhverjar athugasemdir í læknisvottorði barnanna, t.d. að þau séu rangeygð, purfi gleraugu eða hafi astma. Mæðurnar hafa stundum neytt áfengis eða lyfja á meðgöngu. Alltaferu gerð HIV próf á börnunum. Börn með mikla erfiðleika eða proskatruflanir eru yfirleitt ekki ættleidd.

Biðtími er um það bil 18 mánuðir frá því umsókn er send til Tékklands. Umsækjendur þurfa að fara 2 ferðir, fyrst í fáa daga til að hitta barnið sem þeim er ætlað, ákveða hvort peir sækja um ættleiðingu þess og skrifa undir öll skjöl. Um 4-6 vikum seinna er seinni ferðin sem tekur um 2 vikur og er þá aðlögunartími og gengið frá ættleiðingarmálínu. Börnin eru ekki ættleidd í Tékklandi heldur er sótt um ættleiðingu hér eftir heimkomu barnsins.

Börnin koma oftast frá 7 barnahheimilum á vegum yfirvalda, viðsvegar um Tékkland.

Senda þarf 5 skýrslur um eftirfylgni til tékkneskra stjórnvalda eftir heimkomu barnsins á næstu þremur og hálfu ári.

Heildarkostnaður verður svipaður og í öðrum löndum, um milljón með tveimur ferðum.


Barnaheimili í Tékklandi hafa betri aðbúnað en víða er í A-Evrópu. Danir og Sviar hafa ættleitt börn þaðan síðustu ár og eru ánægðir með umönnun barnanna og ættleiðingarferlið í Tékklandi.

Um Tékkland

Tékkland varð sjálfstætt 1. janúar 1993 þegar Tékkoslóvakía skiptist í tvennt, Czech Republic eða Tékkland og Slóvakíu. Landið er um 78.860 ferkílómetrar og höfuðborgin er Prag, mjög falleg borg þar sem gaman er að skoða sig um. Í Tékklandi búa riflega 10 milljónir manna, þar af rúm milljón í höfuðborginni. Auðvelt er að ferðast pangað með lestum frá stærri borgum Evrópu og einnig með flugi.

Hópmyndir

1. Kínahópur 2.
2. '98 hópur frá Indlandi með systkinum og vinum á Selfossi.
3. Kínahópur 1.
4. Foreldramorgunn á Akureyri.
5. Kínahópur 9.



Fréttir frá skrifstofu

Ættleiðingar og umsóknir 2004
Það er ánægjulegt að segja frá því að ættleiðingar til Íslands gengu ágætlega á síðasta ári. Heim komu 20 börn frá Kína, 6 börn frá Kalkúttu og eitt frá Pune í Indlandi og loks kom eitt barn frá Kólumbíu.

Bjöltimi hefur styst nokkuð í Kína og tekur ferlið tæpa 18 mánuði frá upphafspunkti þangað til barnið er komið heim, ef ekkert tefur.

Því miður tekur mun lengri tíma að ættleiða frá Indlandi, foreldrar barna sem komu heim í sumar biðu í 3 ár, en við vonumst til að biðtíminn styttilt nokkuð á næstu mánuðum. Á fyrrri árum var ferlið styttra og tók á tímabili innan við ár að ættleiða frá Indlandi. Ættleiðingarferlið í Indlandi er nú tafsamara og kröfur til umsækjenda eru miklu strangari en áður og er áhersla yfirvalda lögð á ættleiðingar innanlands. Þessi nýja stefna hefur áhrif á allar ættleiðingar til útlendinga.

Bjöltimi til Kólumbíu er um 2 ár hjá þeim sem sækja um eitt barn en lengri bið er ef sótt er um systkin. Óhætt er að segja að ættleiðingar frá Kólumbíu gangi vel og hefur Olga lögfræðingur íÆ staðið sig með ágætum enda hefur hún mikla reynslu.

Á óvart kemurað nýjum umsóknum hefur heldur fækkað en alltaf hafa verið einhverjar sveiflur á milli ára.

Við getum tekið við umsóknum frá hjónum til allra landa en möguleikar einhleypra eru ákaflega fáir.

Fyrirlestrar og félagsstarf

Hugó Þórisson sálfræðingur hélt fyrirlestur um samskipti foreldra og barna þann 8. mars og var skemmtilegur að vanda. Margt áhugavert kom fram í fyrirlestri hans og er ástæða til að benda fólkí á bók um þetta efni eftir Dr. Thomas Gordon sálfræðing. Bókin heitir „Samskipti foreldra og barna, að ala upp ábyrga æsku“ (útg. Æskan 1999) og er fáanleg í bókabúðum. Er eintak af henni til á bókasafni íÆ. Einnig hefur Hugo heimasiðu www.hugo.is.

Í apríl hélt Valgerður Baldursdóttir barnageðlæknir, sem líka er kjörmóðir, fyrirlestur um tengslamyndun og síðan fór hún í maí til Akureyrar og hélt fyrirlestur um sama efni fyrir félagsmenn á því svæði. Fyrirlestrarnir voru sérlega fróðlegir, enda er Valgerður vel að sér um flest sem snýr að kjörbornum og umræður á eftir voru líflegar. Lísá Yoder formaður félagsins og Guðrún af skrifstofu fór einnig norður til að hitta félagsmenn þar og ræða við þá.

Útilega íÆ var að þessu sinni haldin á Laugarbakka í Miðfirði og var nokkuð vel sótt.

Fjölskyldur lítilla barna voru áberandi, börn á skólaaldri voru fá að þessu sinni, en svo voru nokkrir

frábærir ungligar mættir. Það er alltaf gaman að rifja upp fyri kynni og gleðjast yfir börnunum, það er líka einstakt að sjá hve vel þau ná saman.

Foreldramorgnar hafa verið á Akureyri og í Reykjavík í haust og hafa verið vel sóttir og halda áfram á nýju ári. Jólaböll voru á báðum stöðum eins og undanfarin ár.

Formannafundur Nordic Adoption Council var á Íslandi í október. Á hann mættu um 40 manns, formenn, skrifstofustjórar og aðrir fulltrúar norrænu ættleiðingarfélaganna til að bera saman bækur sínar og ræða ýmis mál. Fundurinn tókst mjög vel og var einn fyrirlesaranna fenginn til að fræða félaga íÆ, Dr. Victor Groza, sálfræðingur frá USA. Gátu félagsmenn fylgst með fyrirlestrinum á netinu en einnig verður hægt að fá upptöku af honum lánaða. Sjá grein Ingibjargar Birgisdóttur annars staðar í blaðinu. Hann hefur áhuga á að koma aftur til Íslands og gera rannsókn og kynna ættleiðingar í Háskóla Íslands, við vonumst til að hitta hann aftur og fræðast meira.

Með dagskrá vetrarstarfsins sem send var í pósti til félagsmanna var einnig sent kynningarbréf Sólveigar Georgsdóttur um rannsókn sem hún er að hefja um upplifun kjörforeldra á foreldrahlutverki sínu og sýn þeirra á hvernig börnin mynda tengsl við Ísland og íslenskt þjóðfélag.

Einnig er búið að senda foreldrum allra barna sem komu til Íslands 2002 og 2004 bréf frá Baldri Kristjánssyni og Hönnu Ragnarsdóttur, sem ætla að gera rannsókn á ættleiddum börnum og foreldrum þeirra.

Vonumst við til að þátttaka verði góð svo niðurstöður verði marktækar.

Nýlega heimsóttu indverski sendiherrann, Hr. Gandhi sem hefur aðsetur í Oslo, og eiginkona hans, skrifstofu íÆ og ræddu ættleiðingarmál.

Í lok ársins fengum við tilkynningu um að tékknesk ættleiðingaryfirvöld hefðu samþykkt samstarf við íslenska ættleiðingu og að bréf um samstarf væri á leiðinni, það er nú komið og vinna við fyrstu umsókn hafin.

Ættleiðingarstyrkir

Á síðasta vetrí fóru formaður og fleiri stjórnarmenn íÆ á fundi með dómsmálaráðherra og félagsmálaráðherra og ræddu ættleiðingarmál, þ.á.m. brýna þörf fyrir ættleiðingarstyrk. Einnig var formanni Allsherjarnefndar kynnt málid óformlega í haust.

Þegar nýr forsætisráðherra tók til starfa var ákvæðið að senda honum bréf með ósk um að íslensk stjórnvöld kæmu á ættleiðingarstyrk, bréf til fyrri forsætisráðherra sem sent var

milli ráðuneyta á 2003 og 2004.

Hefur íÆ nú fengið svar Halldórs Ásgrímssonar forsætisráðherra dagsett 03.11.04 sem er svar við bréfi íÆ frá 07.10.04. Því miður er þar ekki að sjá skilning á þörfum umsækjenda um styrki vegna ættleiðinga. Þar er þó bent á þann möguleika að bera erindið upp við heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið og var það gert en svar hefur ekki borist ennþá. Í því sambandi vil ég benda á að ófrjósemi er skilgreind sem sjúkdómuraf WHO, Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni.

Eflaust væri áhrifaríkt að félagsmenn, hver fyrir sig, hefðu samband við þingmenn kjördæmis síns og aðra áhrifamenn sem þeir kunna að pekkja, til að fræða þessa aðila um nauðsyn ættleiðingarstyrkja og benda á fordæmi á öllum hinum Norðurlöndunum sem komu á ættleiðingarstyrkjum um 1990-1994, nema í Finnlandi þar sem þeir voru teknir upp 2002.

Hæsti styrkurinn er greiddur í Færejum og Færeyingar ættleiða flest börn af erlendum uppruna, miðað við hina sívinsælu höfðatölu.

Upphæð styrkjanna er:

Danmörk: DKK 40.218 frá 01.01.05 eða um 473.000 íKR.

Finnland: EUR 1.900 - 4.500 eða 165.000 - 390.000 íKR. eftir ættleiðingarlandi.

Færejur: DKK 50.000 eða um 588.000 íKR.

Noregur: NOK 23.400 eða um 250.000 íKR, og átti að hækka um 33% frá 01.01.05.

Svíþjóð: SEK 40.000 eða um 384.000 íKR.

Ár 2005









Við vonum að þetta nýja ár verði ættleiðendum farsælt. Haldi ættleiðingar frá Kína áfram á sama hraða og áður má búast við að heim komi um 30 börn á árinu og verða tíu fyrstu sótt nú í febrúar. Vætanlega koma nokkur börn frá Indlandi og Kólumbíu en sennilega kemur fyrsta barn frá Tékklandi ekki fyrr en 2006.

Við bendum félagsmönnum að fylgjast með heimasíðu íÆ, www.isadopt.is þar koma öðru hvorú nýjar tilkynningar um félagsstarfið.

Óska félagsmönnum og fjölskyldum þeirra farsældar á nýbyrjuðu ári um leið og við Fanney þökkum fyrir góðar kveðjur og fallegar myndir af börnunum ykkar, þær hanga uppi og gleðja okkur og gesti sem koma á skrifstofuna.

Guðrún Ó. Sveinsdóttir

Pabbamyndir



Nýir Íslendingar

Hér eru birtar myndir af börnum sem eru nýkomin til Íslands.



Helena Rut Pujari Káradóttir

Fædd 16.11.2002 í Indlandi. Kom heim 22.1.2004.

Kári Haraldsson og Sigurlaug Njarðardóttir, Akranesi.



Árni Jóhann Sigmarsson

Fæddur 11.11.2002 í Indlandi. Kom heim 22.1.2004.


Sigmar B. Árnason og Kolbrún Jóhannsdóttir, Danmörku.



Anna Gísladóttir

Fædd 12.5.2003 í Indlandi. Kom heim 13.3.2004.

Gísli Sigurðsson og Guðrún Hölmgeirs dóttir, Reykjavík.



María Halldórsdóttir

Fædd 27.5.2003 í Indlandi. Kom heim 9.7.2004.

Halldór Helgason og Bryndís Hannesdóttir, Reykjavík.



Elvar Orri Palash Arnarsson

Fæddur 21.6.2003 í Indlandi. Kom heim 9.7.2004.

Arnar Sigurðsson og Margrét Sigrún Höskuldsdóttir, Reykjavík.



Sigrún Kumkum Gunnarsdóttir

Fædd 24.7.2003 í Indlandi. Kom heim 9.7.2004.

Gunnar Sigurðsson og Gerður Harpa Kjartansdóttir, Reykjavík.



Arndís Ísabella Þórhallsdóttir

Fædd 25.1.2003 í Indlandi (Pune). Kom heim 24.10.2004.

Þórhallur Árni Ingason og Helga Karlsdóttir, Reykjavík.



Ingibjörg Embla Min Jónsdóttir

Fædd 8.11.2002 í Kína. Kom heim 10.3.2004.

Jón Magnús Einarsson og Ólöf Ýr Atladóttir, Reykjavík.



Lovísa Lín Traustadóttir

Fædd 4.12.2002 í Kína. Kom heim
10.3.2004.

Trausti Ægisson og Lilja Ólafardóttir,
Hellissandi.



Ástrós Elísabet Ástþórsdóttir

Fædd 5.12.2002 í Kína. Kom heim
10.3.2004

Ástþór Vilmar Jóhannsson og Sigrún
Þorbergsdóttir, Reykjavík.



Sigrún Meng Ólafardóttir

Fædd 21.9.2002 í Kína. Kom heim
10.3.2004.

Ólöf Ragna Ámundadóttir, Reykjavík.



Lilja Ósk Ragnarsdóttir

Fædd 12.11.2002 í Kína. Kom heim
10.3.2004.

Ragnar Emilsson og Sóley Chyrish
Villaespin, Ísafirði.



Dóróthea Gerður Bin Örnólfssdóttir

Fædd 19.10.2002 í Kína. Kom heim
10.3.2004.

Örnólfur Jóhannes Ólafsson og
Arnfríður Anna Jónsdóttir, Mývatnssveit.



Ásgerður Júlia Gunnarsdóttir

Fædd 30.1.2003 í Kína. Kom heim
15.6.2004.

Gunnar Már Ásgeirsson og Sigrún
Snorradóttir, Kópavogi.



Kristrún Huang Ólafsdóttir

Fædd 26.6.2003 í Kína. Kom heim
4.8.2004.

Ólafur Unnarsson og Ingibjörg
Jónsdóttir, Selfossi.



Ásta Ögn Ákadóttir

Fædd 26.6.2003 í Kína. Kom heim
4.8.2004.

Áki Áskelsson og Kristjana
Hreiðarsdóttir, Akureyri.

Nýir Íslendingar



Sunna Xiao Björnsdóttir
Fædd 1.6.2003 í Kína. Kom heim
4.8.2004.
Björn Stefánsson og Bryndís
Christensen, Reykjavík.




Aldís Jónasdóttir
Fædd 3.6.2003 í Kína. Kom heim
4.8.2004.
Jónas Baldursson og Kristín
Aðalsteinsdóttir, Akureyri.



Hekla Xi Káradóttir
Fædd 30.8.2003 í Kína. Kom heim
18.8.2004.
Kári Valur Hjörvarsson og Valdís
Guðrún Birgisdóttir, Egilsstöðum.



Sigríður Anna Dan Helgudóttir
Fædd 7.8.2003 í Kína. Kom heim
18.8.2004.
Guðbjörg Helga Hjálmarsdóttir,
Akureyri.



Alma Gui Mathiesen
Fædd 31.8.2003 í Kína. Kom heim
18.8.2004.
Ólafur Tryggvi Mathiesen og Ingibjörg
Harðardóttir, Reykjavík.



Ísak Esteban Stefánsson
Fæddur 30.9.2003 í Kólumbíu. Kom
heim 3.9.2004.
Stefán Árni Stefánsson og Guðmunda
Hergeirs dóttir, Reykjavík.



Katrín Lára Jensdóttir
Fædd 15.10.2003 í Kína. Kom heim
17.12.2004.
Jens Viktor Kristjánsson og Kristín
Svala Jónsdóttir, Reykjavík.



Helga Xialan Haraldsdóttir
Fædd 9.6.2003 í Kína. Kom heim
17.12.2004.
Haraldur Hrafnsson og Sólveig
Einarsdóttir, Reykjavík.



Sólrun María Jóhannsdóttir
Fædd 5.10.2003 í Kína. Kom heim
17.12.2004.
Jóhann Böðvar Sigþórsson og Selma
Björk Jónsdóttir, Selfossi.



Guðný Sigurrós Jóhannsdóttir
Fædd 30.7.2003 í Kína. Kom heim
17.12.2004.
Jóhann Sigurðsson og Sigurrós
Ingimarsdóttir, Reykjavík.



**Ingibjörg Anja BaiXue
Gunnarsdóttir Bender**
Fædd 15.7.2003 í Kína. Kom heim
17.12.2004.
Gunnar Bender og Þórunn Herdís
Hinrikssdóttir, Litla Holti, Búðardal.



Ungar mæður með börnin sín á jólaballinu. Ásta B.
Bjarnadóttir með Jasmin Ósk Sigurðardóttur og Sólveig Kanthi
Engilbertsdóttir með Almar Tristan Almarsson. Ásta og Sólveig
eru báðar fæddar á Sri Lanka 1985.

Útilegan 2005

Skemmtinefnd minnir á útileguna 2005.
Hún verður haldin að Logalandi í Borgarfirði
helgina 8. til 10. júlí. Sjá nánar bls. 17.

Ættleiðing er...

Ættleiðing er félagslegt og andlegt ferli.

Ættleiðing er að taka að sér barn annarra sem sitt eigið.

Ættleiðing er að hitta fyrir annars konar menningu.

Ættleiðing er augnatillit frá vegfarendum sem lýsa bæði undrun og aðdáun.

Ættleiðing er að vera háófriskur - án kúlu.

Ættleiðing er móðurást.

Ættleiðing er föðurást.

Ættleiðing er óvissan - um fortíð barnsins.

Ættleiðing er óttinn - um framtíð barnsins.

Ættleiðing er að hafa vilja og styrk til að veita öryggi og sjálfstraust.

Að vera ættleiddur er að þekkja ekki upphaf sitt.

Að vera ættleiddur er tilfinning um að vera öðruvísi.

Að vera ættleiddur er ef til vill að tilheyra öðrum kynþætti.

Að eiga ættleitt barn er að elska þetta barn skilyrðislaust. Og hvað mér viðkemur, á sama hátt og börnin sem ég hef fætt af mér, eru elskuð. Elskuð fyrir það hver þau eru og fyrir möguleikana sem þau búa yfir. Börn eru einstakar verur, þau eru heilt litróf hæfileika, sem hvert og eitt á sér enga lika.




Barn er gjöf - barn er verkefni.

Helle Linsel, Danmörku

Barnaopnan

Útilegan 2004

Í útilegunni sumarið 2004 var margt skemmtilegt að gerast. Margir tóku þátt í ratleiknum. Okkur var skipt í fimm hópa og þeir hétu nöfnum á trjátegundum. Við áttum að semja vísur og teikna myndir af okkur sjálfum! Hér sjáði þið árangurinn.




blái og græni liturinn
og appelsínuguli
eru flottir
en allar stelpurnar
eru í einhverju bleiku
brúnn er samt
bestur

Ölur

Það er gaman á Laugabakka
þar við sjáum marga krakka
Morgunsárið mætum við
með mat og drykk að
gómlum sið



Húrra
Förum í sund og siglingar
og sýnum að við erum snillingar



Rauður hópur
raunalegur raula
skal vísu í lokin

Birkir

Reynir




í útilegu er gaman
sólin skín og fuglarnir syngja
hestar hneggja í hlið
og ég tók með mér regnhlíf

Ösp





Stella Tong Haraldsdóttir



Karitas Sumati Árnadóttir

ÞULUR

Fagur fiskur í sjó

Fagur fiskur í sjó,
brettist upp á halanum
með rauða kúlu á maganum.
Vanda, banda,
gættu þinna handa.
vingur slingur,
vara þína fingur.
Fetta bretta,
svo skal högg á hendi detta.

Úen dúen dín
mamma fútter fín
fútter fín
mamma dín
úen dúen dín

Einn var að smiða ausutetur
annar hjá honum sat.
Þriðji kom og bætti um betur
hann boraði á hana gat.
Hann boraði á hana eitt,
hann boraði á hana tvö,
hann boraði á hana þrjú og fjögur
fimm og sex og sjö.

Ení mení
ming mang
kling clang
ússí bússi
bakka dæ
æi væi vekk með dæ

Talnaþula

Einn og tveir,
inn komu þeir,
þrír og fjórir,
furðustórir,
fimm, sex, sjö og átta,
svo fóru þeir að hátta.
Níu, tíu, ellefu og tólf,
lögðu plöggin sín á gólf,
svo fóru þeir að sofa
og sína drauma að lofa.
En um miðjan morgun
hún mamma vakti þá,
þrettán fjörtán, fimmtán,
sextán,
fætur stukku þeir á.
Svo fóru þeir að smala
suður fyrir á,
sautján, átján lambærnar
sáu þeir þá,
nítján voru tvílembdar
torfunum á,
tuttugu sauðirnir
suður við sel.
Teldu nú áfram
og teldu nú vel.

Nammikarlinn og vinir hans!



Efni í næsta blað

Ritnefndin hvetur alla
krakka og sérstaklega
eldri börn og unglings
til að senda inn efni í
blaðið. T.d. teikningar,
gátur, brandara, ljóð og
ljósmyndir af ykkur við
ólik tækifæri.

Að vera ættleidd kjörmóðir

Viðtal við Guðfinnu Helgu Gunnarsdóttur



Guðfinna Helga og Helgi Már Sumit.

Það er ómetanlegt að fá tækifær til að hitta aðra sem hafa ættleitt erlent barn og sem geta miðlað af reynslu sinni. Þegar við heyrðum um konu sem hafði ekki einungis reynslu af því að ættleiða börn sjálf, heldur væri þar að auki sjálf ættleidd sem kornabarn til Íslands, langaði okkur til að heyra sögu hennar. Hún tók því vel og erum við henni þakklát fyrir að vilja deila þeirri upplifun með okkur.

Viðmælandi okkar, Guðfinna Helga Gunnarsdóttir, er bæði kjörbarn og kjörmóðir. Hún er gift Sigurjóni Karlssyni og eiga þau börnin Rakel Ósk Sigurjónsdóttur og Helga Má Sumit Sigurjónsson. Fjölskyldan býr í fallegu húsi á Seltjarnarnesi. Við heimsækjum Guðfinnu einn kaldan sunnudagsmorgun og fáum hlýjar móttökur.

Að vera kjörbarn

Guðfinna segir okkur til að byrja með frá uppruna sínum. Hún er fædd í Karlsruhe í Þýskalandi árið 1962 og kom til kjörforeldra sinna 9 mánaða gömul. Þau eru 5 systkinin, fjögur þeirra ættleidd, tveir strákar, Magnús og Hilmar,

alþræður, fæddir í Wuppertahl 1958 og 1959 og yngri systir, Ragna sem er fædd 1965. Yngsta systkinið, Tinna, kom svo seinna 1968 og er hún „heimatilbúin“ eins og Guðfinna orðar það.

Systkinin komu ekki öll á sama tíma, fyrst komu strákarnir, eins og tveggja ára gamlir, síðan Guðfinna og nokkrum árum seinna kom Ragna og var hún þá 9 mánaða gömul líkt og Guðfinna. Ættleiðing Guðfinnu fór fram í gegnum barnaheimili í Karlsruhe, foreldrarnir skrifuðu bréf, án milligöngu ættleiðingarfélags og fengu svo sendar myndir. Fyrst ætluðu foreldrar Guðfinnu að ættleiða í Danmörku, þar sem þau bjuggu á þessum tíma, en það var ekki leyft. Tælensk kona sem þau þekktu þar benti þeim þá á þá leið að fara til Þýskalands.

Við spyrjum Guðfinnu hvernig það var þegar hún var að alast upp. Vissi hún alltaf að hún væri ættleidd?

Já. Alveg frá því að ég hef verið svona kannski tveggja ára, þá voru þetta mínar skemmtilegustu sögur

á kvöldin. Það er þegar verið var að segja mér frá hvernig það var þegar þau fóru til Þýskalands með lestinni og náðu í mig. Þannig hef ég komið því að hjá bæði Rakel Ósk minni og Helga Má, sagt þeim sögur á kvöldin.

Þegar Guðfinna er spurð að því hvort foreldrar hennar hafi lagt mikla áherslu á það að systkinin væru ættleidd segir hún að ekki hafi mikið verið talað um það, svolitið í byrjun en svo var hætt þar. Hún segir okkur að hún hafi farið til Karlsruhe í Þýskalandi og farið á barnaheimilið sem hún er frá. Segir það hafa verið mjög sérstaka tilfinningu.

Hvernig myndir þú lýsa henni?

Þetta er hlutur sem ég hefði ekki viljað sleppa, að fara að skoða barnaheimilið. Og ég hef líka t.d. reynt að hafa upp á móður minni, það er ekkert vitað um föður minn, en svo þegar ég frétti það gegnum pappíra og svoleiðis að hún væri gift aftur, þá hætti ég. Nýi maðurinn veit kannski ekkert um hennar fortíð, eða um mig. En ég veit að ég á systkini, þar með bara stoppaði ég. Ég er sátt við það, ég vil ekki koma róti á hennar líf. Það nægði mér að komast til Karlsruhe, og skoða barnaheimilið og borgina og þannig var ég bara sátt.

Guðfinna segist alls ekki hafa viljað missa af þessari ferð og mælir með því að foreldrar geri börnum sínum það kleift að fara aftur á sínar upprunaslöðir. Hún segir að börnin verði að komast sjálf til sinnar heimaborgar, það sé ekki það sama að sjá myndband úr ferðinni.

Guðfinna segir okkur að vinir og kunningjar hafi vitað að hún væri ættleidd en lítið verið að spyrja hvaðan hún væri fyrr en um þrettán ára aldur. Krakkarnir skildu ekkert í því af hverju hún kynni ekkert í þýsku, hún væri jú fædd í Þýskalandi og það ætti bara að fylgja henni. Viðbrögðin segir hún hafa verið jákvæð, krakkarnir

voru forvitnir og spurðu mikið en svo var það bara búið, eins og Guðfinna orðar það. Hún segir okkur að ættleiðingar séu svolitið í fjölskyldunni, hún á frænda sem fæddur er í Karlsruhe og annan „bara frá Íslandi“. Hún segir að það sé styrkur að eiga þessa sameiginlegu reynslu.

Við spryjum næst um unglingsárin. Guðfinna segist ekki hafa farið í gegnum skeið á unglingsárunum, þar sem henni fannst hún eitthvað öðruvísi, hún hafi ekki alltaf verið að hugsa um Þýskaland og fannst hún bara eiga heima hér. Hún er þess fullviss að hennar systkinahópur, þar sem flestir eru ættleiddir hafi hjálpað til, að allir hafi átt svipaðan bakgrunn. Segir það vera jákvætt að hafa stærri barnahóp. Það verði meiri stuðningur milli systkina.


Að vera kjörmóðir

Okkur langar að spryja þig um það að vera kjörmóðir. Nú áttu þú líka ættleidd börn. Segðu okkur frá þeim.

Já. Við erum svo lán-söm að eiga þessi tvö yndislegu börn, og svo erum við líka með eitt úr ABC-hjálparstarfi frá Indlandi líka, sem við styrkjum. Þannig að við erum með þrjú börn. Við fengum hana Rakel Ósk beint af fæðingardeildinni, nýfædda. Hún er tíu ára. Þannig að þar vorum við mjög heppin. Og svo fannst okkur ekki nóg að eiga bara eitt, svo við fórum gegnum Íslenska ættleiðingu og eignuðumst Helga Má, sem er fjögurra ára gamall. Hann er fæddur á Indlandi og var sjö mánaða þegar hann kom heim. Okkur fannst þetta rosalega langur tími þegar við þurftum að bíða. Það voru kannski fimm,

sex mánuðir eftir að við fengum mynd.

Myndirðu segja að það kæmi



Rakel Ósk og Helgi Már Sumit.

sér vel í uppeldi barnanna þinna að vera sjálf ættleidd?

Jú, maður hefur náttúrulega reynsluna af því. Ég get sagt þeim frá þegar ég sjálf kom til landsins og eins þegar Helgi Már kom til landsins. Ég er löngu farin að segja þeim sögur og þeim finnst það voða skemmtilegt. Ég er með albúm með myndum sem voru teknaðar þegar við fórum til Indlands að sækja Helga, eins með myndir af fæðingardeildinni með Rakel. Svo

erum við að fletta og segja sögur. Ég hef farið nákvæmlega eins að við að upplýsa börnin míن um að þau séu ættleidd og foreldrar míni gerðu, enda góðar fyrirmyn dir.

Nú áttu tvö börn með mismunandi bakgrunn, myndirðu segja að það skipti máli að upplýsa þau um upprunann?

Já, mér finnst það. Eins og með Rakel, hún hittir kynmóður sína og systkini tvívar á ári. Ísland er svo lítið að mér finnst nauðsynlegt að hún viti hver systkini sín hér á landi eru, og eins að hitta móður sína. Svo er annað með Helga Má, við höfum ekkert um hann. Hann kemur bara með okkur þegar við fórum í heimsóknir til hennar og sér að hún á aðra mömmu líka.

Nú á Helgi Már annan uppruna, er af öðrum kynþætti. Finnst þér það vera öðruvísi?

Nei, við lítum ekkert á það, að það skipti máli. Auðvitað er maður svolitið hræddur við þessa kynþáttafordóma, að hann eigi kannski seinni meir eftir að lenda í einhverju. Hann hefur ekki lent í neinu. Í leikskólanum taka allir honum rosalega vel. Þannig að maður bara vonar að það haldist áfram þannig. Fólk hætti að vera með þessa fordóma.

Við spryjum Guðfinnu um indverska nafn Helga Má og hvort þau hafi haldið því.

Já, hann het Sumit, og við köllum hann stundum Sumit. Mér finnst hann verða að þekkja sitt indverska nafn, og ekki stroka það út. Hann er skírður Helgi Már Sumit, við létem það fylgja með.

Eruð þið í sambandi við aðra



sem hafa ættleitt?

Nei, því miður, af því við fórum bara ein út. Þá finnst mér við vera svo ein í þessu ferli.

Heldur þú að það hefði verið betra ef þið hefðuð farið með öðrum út?

Já, ég heyri að þeir sem fara út saman, þeir halda hópinn saman. Við fórum alveg ein svo við höfum alltaf verið svona mikið ein. Þess vegna er maður að fara á þessa foreldramorgna líka. Við vissum af þremum hjónum sem voru á leiðinni út um svipað leytí og við

og síðan hefur maður ekkert vitað neitt meira af þeim. Í útilegnum sér maður hvaða hópar hafa farið saman út, þeir halda sig saman.

Við biðjum Guðfinnu um að lýsa því hvernig sé að vera kjörfjölskylda á Íslandi í dag, hvort hún haldi það sé öðruvísi heldur en fyrir aðrar íslenskar fjölskyldur. Hún segist finna fyrir því að meira sé horft á þau af því að annað barnið er hvítt og hitt dökkt. Henni fannst það óþægilegt fyrst, en hún tekur ekki eftir því lengur. Finnst það bara æðislegt að eiga þessi tvö börn. Allir sem þekkja þau samglöddust

þeim og voru tilbúnir til að hjálpa þeim. Það hafi verið stórt skref að byrja ættleiðingarferlið en æðislegt þegar þetta var komið í höfn. Þannig að þau sjái ekki eftir þessu.

Hefur þú að lokum einhver góð ráð til annarra kjörforeldra varðandi uppeldi kjörbarna?

Já, það er náttúrulega að segja þeim strax, þó að þau hafi ekki vit á því, frá því hvernig þau komu til landsins, þegar mamma og pabbi fóru upp í stóru flugvélina. Segja þeim frá uppruna þeirra alveg frá byrjun. Eina bókin sem Helgi Már vill lesa á kvöldin, það er albúmið, það er bókin hans.

Áður en við kveðjum Guðfinnu, kemur Helgi Már með myndaalbúmið sitt og uppáhaldsbókina sína „Calcutta“ til að sýna okkur. Bókin er stór myndabók með fallegum myndum frá borginni. Hann segist skoða margt í henni, leigubílana, strætóana og bátana. Hann bendir á einn gulan leigubíl og spyr mömmu sína hvort hún hafi farið í hann þegar hún kom til Indlands. Mamma hans segir: „Nei við vorum ekki í þessum, við vorum í hvítum leigubíl manstu, þegar við komum á barnaheimilið!“

Snjólaug Elín Sigurðardóttir og Þórdís Ívars dóttir.

Virkjaðu Foss í þína þágu

F OSS
FASTEIGNASALA

Sími 512-1212 • foss@foss.is

Hátni 6a • 105 Reykjavík • www.foss.is • Fax 512-1213

Hugsum til framtíðar

Styðjum það sem stendur okkur næst!

Tilboð streyma til okkar um að styrkja ýmis góð mállefni. Fjároflunarnefnd býður félagsmönnum Íslenskrar ættleiðingar að leggja sitt af mörkum til að hjálpa munaðarlausum börnum í Kína sem purfa á læknishjálp að halda og til rekstrar barnaheimilis félagsins í Kolkata á Indlandi, en þaðan hafa langflest indversku börnin okkar komið.

Það skiptir miklu máli að eiga góðan sjóð þegar óskir um styrki og aðstoð koma frá ættleiðingarlöndum okkar. Markmið fjároflunar er að Íslensk ættleiðing hafi bolmagn til að styrkja þau verkefni sem óskað er eftir í þeim löndum sem félagið er í samstarfi við um leið og þakklæti er sýnt fyrir hið góða starf sem þar er unnið. Fjároflunin fer einungis fram í þessu skyni. Mállefnið snertir okkur öll og ekki síst ættleiðendur framtíðarinnar!

Tillögur frá fjároflunarnefnd

Fjároflunarnefnd biður félagsmenn að hafa samband við viðskiptabanka sinn og tilkynna um mánaðarlega innborgun á reikning Íslenskrar ættleiðingar. Fjárhæðinni ráðið þið sjálf. Eins má leggja inn eingreiðslur hvenær sem er.

Númer reikningsins er: 0513-26-008875 kt. 531187-2539

Eins viljum við benda ykkur á að hafa samband við þá nánustu sem í kringum ykkur eru og bjóða þeim tækifæri til að sýna velvilja sinn í verki og leggja mállefni lið.

Fjároflunarbeidiðni þessari verður ekki fylgt eftir með símhringingu. Við biðjum ykkur vinsamlega að minnast hennar þegar þið fáið gíroseðla frá öðrum samtökum og meta hvað stendur ykkur næst. Allur stuðningur skiptir máli.


Í útilegunni síðastliðið sumar stóð fjároflunarnefnd fyrir sölu á

stuttermabolum. Viðbrögð voru góð og skilaði salan um 40.000 krónum í sjóðinn. Enn eru nokkrir bolir fáanlegir í stærðum 140 og 152. Fjároflunarnefnd hefur í hyggju að selja boli í útileggunni næsta sumar líka.

Niðurstöður af söfnun þessari verða birtar fyrir aðalfundinn í mars. Fjároflunarnefnd mun líka skila skýrslu um hvernig fjármununum verður ráðstafað.

Með kveðju og friðaróskum frá fjároflunarnefnd.

Áhugasamir piparkökumálarar í desember 2004!



Kynning á rannsókn

Fyrirhuguð rannsókn á ættleiddum börnum á Íslandi og fjölskyldum þeirra

Á næstu mánuðum hyggjast tveir kennarar og rannsakendur við Kennaraháskóla Íslands, þau Baldur Kristjánsson dósent í uppeldis- og proskasálfræði og Hanna Ragnarsdóttir lektor í mannfræði, fara af stað með rannsókn á ættleiddum börnum á Íslandi og fjölskyldum þeirra. Komutími helmings barnanna til landsins var árið 2002 og helmings árið 2004. Rannsóknin mun hefjast árið 2005 með því að viðtöl verða tekin við foreldra þessara barna, alls um 20 talsins.

Meðal þeirra spurninga sem við, Baldur og Hanna, hyggjumst leita svara við eru:

- Hverjar eru væntingar og upplifanir kjörforeldra af börnumnum sínum og af foreldrahlutverkinu, og hvernig breytast þær með tímanum og í ljósi fenginna reynslu?

- Hvernig er, að mati foreldranna, tekið á móti börnumnum við komuna hingað - af heilsugæslunni, leikskólanum og skólanum, af öðrum stofnunum og einstaklingum?

- Hvernig gengur, að mati foreldranna, aðlögun barnanna að jafnaldrahópnum, að staðfélagini og að íslensku samfélagi?

- Hvaða stoðnet hafa börnin og fjölskyldur þeirra, formlegt eða óformlegt?

- Hvernig gengur fjölskyldunni sjálfri að aðlagast þeim breyttu aðstæðum sem felast í að nýr einstaklingur hefur bæst við fjölskylduna?

Um rannsakendurna

Baldur hélt erindi á 1. málþingi Íslenskrar ættleiðingar um geðtengslamyndun ungra barna, sem haldið var í apríl 2003.

Baldur er doktor í uppeldis- og proskasálfræði. Rannsóknir hans hafa einkum beinst að ýmsu sem snýr að uppvaxtarþjórvum barna í ljósi samfélagsþróunar og breytrra aðstæðna barnafjölskyldna á Íslandi og í Skandinavíu.

Baldur hefur kennt uppeldis- og proskasálfræði við Kennaraháskóla Íslands frá 1999. Síðustu þrjú árin hefur hann haft yfirumsjón með sálfræðinámskeiðum á svíði yngri barna, kennslu bæði í grunndeild og framhaldsdeild KHÍ.

Hanna er mannfræðingur að mennt (frá Háskóla Íslands og London School of Economics and Political Science). Sérstakt áhugasvið hennar er nám, kennsla og samskipti í fjölmennigarlegu samfélagi.

Hanna hefur kennt námskeið um fjölmennigarlegt samfélag og fjölmennigarlega kennslu, barn og fjölskyldu frá ýmsum sjónarhornum, íslenska félagssögu, grenndarkennslu og nýjar leiðir í kennslu á nýrra öld. Hún starfar bæði í grunndeild, þar sem hún kennir í námskeiðum á leikskóla-, grunnskóla- og tómstundabraut og í framhaldsdeild, þar sem hún er forstöðumaður námsbrautarinnar Fjölmennung og hefur umsjón með þremur námskeiðum á þeiri braut. Fyrri rannsóknir Hönnu beinast einkum að stöðu barna af erlendum uppruna í skólum á Íslandi og stöðu fjölskyldna þeirra.

Um rannsóknina

Faglegt og fræðilegt gildi rannsóknar sem þessarar felst m.a. í því að, ef frá eru taldar athuganir Gests Pálssonar barnalæknis, hefur staða kjörbarna og fjölskyldna þeirra hér á landi lítið sem ekki verið rannsókuð. Vitað er að við komuna hingað geta börnin verið misjafnlega á sig komin, andlega og

líkamlega; allt frá því að teljast vera fullkomlega heilbrigð til þess að eiga við langvinna sjúkdóma að striða. Þó hefur, skv. Gesti Pálssyni orðið mikil breyting til hins betra síðari árin (Gestur Pálsson, á 1. málþingi Íslenskrar ættleiðingar í apríl 2003).

Reynslan frá öðrum löndum sýnir að sum þessara barna eiga við mismiklar geðtengslaraskanir að striða (sjá t.d. Chisholm, 1998), sem krefjast þekkingar og færni þeirra aðila, kennara og uppalenda, sem hafa með þau að gera. Af norrænum vettvangi má nefna rannsóknir Sætersdal & Dalen (1999) þar sem m.a. kemur fram að á unglingsárunum eiga mörg kjörbörn í erfiðleikum með sjálfsmýnd sína og með að samsama sig við menningu þess lands sem þau alast upp í.

Af ofangreindu er ljóst að brýnt er, af fræðilegum, faglegum og lýðheilsufarslegum ástæðum, að afla þekkingar um kjörbörn á Íslandi, sem ætti að vera hægt að miðla til allra þeirra sem að börnumnum standa.

Áætlað er að rannsóknin standi yfir í þrjú ár, hið minnsta. Rannsóknin felst fyrst og fremst í árlegum viðtölu við foreldra barnsins, við einn aðila í leikskóla þess, og í fyllingu tímans einnig við grunnskólakennara þess. Eins og áður er fram komið er áætlað að velja út foreldra og börn frá Asíu, samtals 20, sem dreifast þannig að 10 barnanna komu til landsins árið 2004, og jafnmörg asísk börn árið 2002.

Hægt verður að fylgjast með ferli rannsóknarinnar á slóðinni:

<http://fagrad.khi.is/fjolmenning/rannsoknarhopur.htm>

Ábyrg þjónusta í áratugi



EIGNAMIÐLUN

sími: 588 9090 * fax: 588 9095 * Síðumúla 21 * 108 Reykjavík

eignamidlun@eignamidlun.is www.eignamidlun.is

Frá skemmtinefnd



Kynning á skemmtinefnd

Á síðasta aðalfundi í mars 2004 var kosin ný skemmtinefnd. Hana skipa nú Klara Geirsdóttir sem er formaður, Ingibjörg Mariúsdóttir, Svava Rafnsdóttir, Arnþrúður Karlsdóttir og Hrönn Björnsdóttir. Þá hafa Ingibjörg Margrét Magnúsdóttir og Birna Blöndal séð um foreldramorgnana fyrir norðan. Hlutverk skemmtinefnarar er að standa að uppákomum hjá félagini eins og jólaballi, útilegu og foreldramorgnum.

Foreldramorgnar

Foreldramorgnar hafa verið einn laugardag í mánuði síðan í september. Foreldramorgnarnir eru ætlaðir fyrir foreldra yngstu barnanna í félagini. Við byrjuðum á því í september að fara í Laugardalinn og gefa öndunum brauð. Kalt var í veðri og var nokkuð þungbúið en hvorki börnin né endurnar létu það á sig fá og skemmtu sér konunglega. Í október var foreldramorguninn haldinn í húsnæði KFUM & K við Holtaveg með hefðbundnum hætti frá 10:00 til 12:00. Í nóvember var gerð tilraun með að hafa foreldramorguninn eftir hádegi á milli kl. 14:00 og 16:00. Það reyndist ágætlega, sérstaklega fyrir þá sem eiga erfitt með að mæta á laugardagsmorgnum vegna annarra tómstundastarfa barnanna. Þrátt fyrir að það henti flestum betur að hafa foreldramorguninn á milli 10:00 og 12:00 þá má gera ráð fyrir að foreldramorgunninn verði hafður eftir hádegi einu sinni á önn. Í desember vorum við síðan með piparkökumálun þar sem börnin fengu piparkökur

til að mála á í öllum regnbogans litum. Er óhætt að segja að sumum hafi þótt málningin sérdeilis góð og fór þá oft meira í muninn en á kökurnar. Við enduðum vel heppnaðan foreldramorgun með því að syngja nokkur jólalög saman og komast þannig í smá jólaskap.

Sumargrill

Í byrjun júní gerðum við tilraun til að hafa sumargrill í Heiðmörk. Satt best að segja þá lék veðrið ekki við okkur þann daginn því að við fengum góðan skammt af alls konar veðri, sól, rigningu og roki. Það spillti ekki stemmningunni hjá yngstu kynslóðinni sem kvartaði ekki þótt pylsurnar væru sumar dálitið blautar. Þeir fullorðnu sem fundu regnfötin sín og regnhlífar voru líka ánægðir með daginn. Það eru miklar líkur á að sumargrillið verði haldið aftur næsta sumar og hvetjum við því fólk til að fjárfesta í góðum hlífðarfatnaði, það er já alltaf hægt að nota hann líka í útilegunni. Víku seinna var sumargrillið á Akureyri haldið í Kjarnaskógi í blíðskaparveðri.

Útilega

Útilegan var haldin að Laugarbökkum í Miðfirði í júlí. Að venju var þátttaka góð. Á laugardeginum var farið í spennandi ratleik þar sem þátttakendum var skipt upp í hópa og áttu að leysa margvíslegar þrautir, svo sem að yrkja ljóð og teikna myndir og afraksturinn er einmitt birtur í þessu blaði. Seinni partinn var síðan söngstund og nammikarlinn frægi kom og kastaði nammi og um kvöldið

var haldin grillveisla. Hin árlega hópmyndataka tókst ekki alveg sem skyldi þar sem einhverjur misstu af henni, en það gengur bara betur næst. Útilegan sumarið 2005 verður að Logalandi í Borgarfirði helgina 8. til 10. júlí. Því miður var ekki hægt að fá aðstöðu með innigistingu á staðnum en Hótel Reykholt er í næsta nágrenni og eins eru aðilar á vegum ferðapjónustu bænda víða í sveitinni, að ógleymdu öllum þeim sumarbústöðum sem eru til útleigu á þessu vinsæla útvistarsvæði. Þeir sem hafa hugsað sér að koma í útileguna en ekki að gista í tjaldi ættu að huga að því sem fyrst að verða sér úti um gistingu.

Jólaball

Hið árlega jólaball var með hefðbundnum hætti en að þessu sinni var það haldið á þriðjudagi á milli jóla og nýárs. Dansað var í kringum jólatréð, jolasveinninn síkáti mætti á staðinn og boðið var upp á veitingar.

Fjölskyldudagur

Skemmtinefndin er með hugmynd um að halda einhvers konar fjölskyldudag næsta haust. Þessi hugmynd er ennþá í mótun og eru allar tillögur vel þegnar frá félagsmönnum. Með þessum degi skapast vettvangur til kynningar á öllum þeim löndum sem við höfum ættleitt frá og tækifærir fyrir félagsmenn á öllum aldri að hittast, sýna sig og sjá aðra. Þá væri gaman ef fólk væri tilbúið til að deila upplifun sinni með okkur t.d. í formi frásagna eða myndasýninga.



NAC fundur í Reykjavík

Fundur formanna norrænu ættleiðingarfélaganna í Reykjavík 22. - 24. október 2004.



NAC ráðið fundar á skrifstofu í Æ.

Norrænu ættleiðingarfélögini funda saman árlega, til skiptist eru það formannafundir eins og sá sem haldinn var hér á landi í október síðastliðnum og síðan aðalfundir en slíkur fundur var haldinn í Reykjavík árið 1999.

Formannafundir eru aðallega um þau málefni sem snúa að innra samstarfi félaganna og stefnumótun í ýmsum málum og eru ætlaðir starfsfólk félaganna og stjórnarfólk. Oft eru þó almennir fyrillesarar fengnir til að halda erindi sem fleirum er boðið að sækja og núna var það maður að nafni Dr. Victor Groza, frá Case Western Reserve University í Cleveland, Ohio. Hann hefur unnið umfangsmikið starf með verðandi kjörføreldrum viðsvegar í Bandaríkjunum, einnig hefur hann skrifat bækur og greinar og unnið rannsóknir sem hægt er að fræðast um á heimasiðunni:

<http://msass.cwru.edu/faculty/vgroza/>

Dr. Groza flutti erindi sitt tvisvar hér heima, fyrst á formannafundinum og síðan var annar fundur sem félögum í Æ var boðið að sækja. Hann nálgalist viðfangsefnið ekki alveg á sama hátt á þessum fundum þar sem annars vegar er verið að tala við fólkid sem vinnur að ættleiðingum og hins vegar foreldra og væntanlega foreldra. Tók hann fyrir rannsókn sem hann gerði á ættleiðingum indverskra barna, annars vegar til Noregs og hins vegar á Indlandi, verkefnið vann hann m.a. í samstafi við norska félagið Verdens Barn.

Eins og við var að búast er nokkur munuráupplifunindverskrafjölskyldna á ættleiðingu og norskra og kemur þar að sjálfögðu til ólik menning og viðhorf. Það sem Dr. Groza fannst m.a. athyglisvert var það að kjörfeður

á Indlandi voru mun duglegri en norskir að svara rannsókninni og tóku yfirleitt frumkvæði í því að ættleiða, á vesturlöndum erum við vön því að tala um þessi mál sem „kvennamál“ enda var besta svörunin hjá norsku kjörmæðrunum.

Hér verður ekki farið í einstök atriði úr rannsókninni heldur farið vittr og breitt og það helsta dregið saman og blandað saman við umræður við Dr. Groza.

Svör foreldranna í rannsókninni:

Börnin á Indlandi voru að jafnaði 8 mánaða við ættleiðingu og 7.3 ára gömul þegar rannsóknin var gerð og börnin í Noregi voru að jafnaði 18 mánaða við ættleiðingu og 9.8 ára gömul þegar rannsóknin var gerð.

Almennt áttu börnin í rannsókninni ekki við nein sérstök líkamleg eða andleg vandamál að etja. Fæst voru þau með proskafrávik við ættleiðingu eða þegar rannsóknin var gerð. Flest barnanna voru laus við vandamál í sambandi við lyktar-, sjón- eða heyrnarshryggi. Þau barnanna sem höfðu einhver slík vandamál við ættleiðingu voru flest komin yfir það þegar rannsóknin var gerð nema í þeim tilvikum sem um var að ræða ofvirkni. Aftur á móti var nokkuð um vandamál í málþroska vegna óhlutlægra hugtaka s.s. tíma, fjarlægðar o.s.frv.

Dr. Groza var með skemmtilega athugasemd í umræðuna um ofvirkni: Erum við kjörføreldrar ekki bara svo góðu vön, erum eldri en foreldrar almennt og höfum haft rólegt í kringum okkur á heimilum okkar, erum kannski ekki alveg tilbúin í fjörið sem fylgir því þegar barn kemur inn á heimilið. Og nánast undantekningarlaust erum við mun betur undirbúin fyrir næstu börn. Höfum þá öðlast reynslu. Án þess að gera lítið úr þeim vandamálum sem ofvirkni fylgir - þá gæti verið nokkuð til í þessu.

Dr. Groza var sammála norrænum niðurstöðum um áhrifin sem stofnana uppeldi hefur á börn, í aðalatriðum þessi:

80% barnanna ná að vinna úr vandamálunum

15-18% hafa vandamál sem oft tengjast aldri við ættleiðingu sem tekur mislangan tíma að sigrast á og sumum jafnvel aldrei.

2% eiga við mikil varanleg vandamál að striða

Í indversku rannsókninni kom fram að 10% barnanna voru með alvarleg tilfinninga- og sálfræðileg vandamál

en 3-5% í þeiri norsku.

Það sem helst hvíldi á indversku fjölskyldunum var að þeim þótti mjög erfitt að tala um ættleiðinguna við börnin, 38% barnanna hafði ekki verið sagt frá ættleiðingunni þegar rannsóknin var gerð. Foreldrarnir vildu fá aðstoð og voru mjög kvíðin því að ræða um ættleiðinguna þegar barnið yrði eldra og hlutir yrðu flóknari, þeir vildu líka að félagsráðgjafar væru eldri og hefðu meiri lífsreynslu til að miðla.

Norsku fjölskyldurnar töluðu um það að flest barnanna hefðu upplifað neikvæða reynslu vegna húðlitar. Skólaganga var sá þáttur sem flestir höfðu áhyggjur af, það vantar sárlæg skilning hins opinbera á því að þarfir ættleiddra barna eru aðrar en þeirra sem fædd eru inn í norskar fjölskyldur. Undirbúnungur fyrir ættleiðingu ætti að vera skylda og margar fjölskyldur sögðu frá því að ættleiðingarferlið hefði verið mun erfiðara en þau hefði grunað.



Sissel Slettjord, formaður NAC.

Dr. Groza talar mikið um undirbúnung fyrir ættleiðingu enda er það hans aðalviðfangsefni í starfinu með ættleiðingarsamtökum. Hann segir að besta leiðin sé að umsækjendur fái verkefni frekar en að þeir séu einungis móttakendur fræðslu, það sé vænlegra til árangurs. Hann fullyrðir, af fenginni reynslu, að það þurfi að endurtaka þrísvar sinnum það sem þú vilt að umsækjendur muni og jafnvel þá eru ekki öruggur um að hafa náð til allra. Fullorðið fólk lærir

af reynslu en ekki af því að messað sé yfir því, því sé stuðningur mjög mikilvægur og endalaust verkefni. Undirbúnin gurinn fer fram á þremur stigum: vitsmunalegum, tilfinningalegum og andlegum. Hann leggur til að 8-10 vikur sé hæfilegur tími í undirbúningi kjörfóreldra og þá meinar hann að hist sé vikulega!



Dr. Victor Groza.

Þegar talað er um aðlögun ættleiddra barna er yfirleitt einblínt á það að barnið þarf að aðlagast nýju fjölskyldunni og heimilinu en til að aðlögun að nýjum aðstæðum og tengsl milli barns og nýju foreldranna og barna sem eru fyrir á heimilinu gangi upp, þarf öll fjölskyldan að vinna saman. Þetta leggur Dr. Groza mikla áherslu á, það er öll fjölskyldan

sem er í aðlögun. Góð ættleiðing fer eftir foreldrunum sjálfum, væntingar til barnsins verða að vera raunsæjar.


Annað erindi sem flutt var á formannafundinum bar yfirskriftina: Ættleiðing og neyslujóðfélagið. Í þó nokkurn tíma hafa samtök ættleiðingarfélaga í Evrópu talað um kröfur þær sem margir umsækjendur um ættleiðingar hafa. Við búum í þjóðfélögum þar sem kröfur um þjónustu og upplýsingar eru allsráðandi og okkur finnsta hverju og einu sjálfssagðir hlutir. Við berum okkur eftir þjónustu og ætlumst til þess að hún sé nákvæmlega eins og við viljum. Getum við yfirfært þetta sama viðmið á ættleiðingar? Getum við krafist þess að þar gangi allt eins og við viljum? Er ófædda barnið okkar orðin munaðarvara sem við getum pantat og fengið þegar okkur hentar? Erum við ekki að gleyma grundvallaratriðunum hér? Hvar er strikið sem skilur á milli? Það getur verið að það sé erfitt fyrir einhverja að sættast við það að ættleiðing gengur ekki út á þarfir okkar til að verða foreldrar, heldur neyð barns til að eignast fjölskyldu. Þetta kemur ítrekað upp í umræðum um störfin hjá ættleiðingarsamtökum og eykst ef eitthvað er. Við megum ekki missa sjónar á tilgangi ættleiðingar og þeirri



Gluti þátttakenda á NAC fundinum.








staðreynd að ferlið er ekki í okkar höndum að öllu leiti. Hér fannst okkur eiga vel við það sem Victor Groza sagði: Það verður að segja fólkí prisvar frá því sem það þarf að læra og jafnvel þá hefur þú ekki náð til allra.

Ingibjörg Birgisdóttir tók saman.



Margir foreldramorgnar hafa verið haldnir úti og það viðrar misvel. Ef hann rignir þá bara klæðum við okkur í gallana og skemmtum okkur saman!

Vinamýndir



Mama Hao - vögguvísa

Eitt er öruggt og það er að við getum aldrei vitað með vissu hvað börnin okkar hafa upplifað áður en þau koma til okkar. Á vafri mínu um netið áður en ég fór til Kína að sækja dóttur mína í september 2003 rakst ég á fallega kínverska vögguvísu, sem heitir „Mama Hao“. Sagt var að þetta væri vögguvísan sem öll kínversk börn lærðu. Konan sem setti þessa vögguvísu á netið vildi miðla henni til annarra, því að þekking hennar á vísunni hafði hjálpað henni að veita dóttur sinni mikilvæga huggun á erfiðri stundu stuttu eftir að þær sameinuðust í Kína. Stúlkan þurfti að komast undir læknishendur og var óhuggandi af hræðslu þar til hin nýbaka móðir ákvæð að prófa að syngja þessa vísu sem hún hafði lært áður en hún fór til

Kína. Viti menn, stúlkan hætti að gráta og róaðist samstundis við að heyra sönginn.

Þegar við erum að undirbúa okkur undir að taka við nýja barninu okkar viljum við gera allt sem í okkar valdi stendur til að gera fyrsta tímann sem auðveldastan fyrir barnið. Áður en ég fór til Kína langaði mig því líka að læra þessa vögguvísu, sem ég og gerði ásamt manni og syni sem voru báðir með í för til Kína. Við sungum hana fyrir Önnu Zhu, og virtist hún líka vel. Ég vissi ekki hvort hún hafði nokkurn tíma heyrt vísunu og þótti það reyndar frekar ólíklegt þar sem hún hafði búið á barnaheimilinu alla sína stuttu ævi.

Um það bil mánuði eftir að við

komum heim, las ég frásögn bandarískra foreldra sem höfðu ættleitt litla stúlku frá sama barnaheimili og Anna Zhu var á. Foreldrarnir sögðu frá því þegar þau komu á barnaheimilið að sækja dóttur sína og fengu tækifæri til að kíkja inn í barnaherbergin þar sem hin börnin voru. Þegar inn var komið voru fóstrurnar að spila barnalög af segulbandi fyrir börnin. Litlu krílin stóðu öll sem eitt upp í rúmunum og rugguðu sér til og frá á meðan fóstrurnar klöppuðu saman lófunum og sungu fyrir þau. Lagið sem verið var að spila og syngja var „Mama Hao“.

Snjólaug Elín Sigurðardóttir.



Ragnar og Snjólaug með Önnu Zhu og Einari Tudorel-Nicu í Laugardalnum í Reykjavík.

Mama Hao

Shi shang zhi you ma ma hao
you ma de hai zi xiang ge bao
tou jin ma ma de huai bao
xin fu xiang bu liao.

Shi shang zhi you ma ma hao
mei ma de hai zi xiang ke cao
li kai ma ma de huai bao
xin fu na li zhao.

(Mama Hao fjallar um móðurástina og hversu mikils virði hún er fyrir lítið barn.)

Hér fylgir krækja á vefsíðu þar sem heyra má þessa vögguvísu sungna. Cóða skemmtun!

<http://www.tussah.com/lara/mamasong/mamasong.htm>

Andlitsböð, Cathiodermie,
húðhreinsun, handsmyrting,
fótsmyrting, litun og plokkun,
vaxmeðferðir, farðanir, varanleg
háreyðing m/ rafmagni.

snyrtistókan
Ásýnd
Starmýri 2 – Sími: 588 7550
Kolbrún Kristjánsdóttir
snyrtifræðingur


Útilegan 2004

Útilegan 2004 heppnaðist að öllu leyti mjög vel. Tjaldsvæðið var þéttskipað og stanslaus dagskrá alla helgina. M.a. var farið í ratleik og í honum áttu þátttakendur að gera margar þrautir svo sem að fara í einhverja flík öfuga og ganga aftur á bak að næstu starfsstöð. Á einni stöðinni máluðu þau hvort annað með andlitslitum og urðu úr því mikil listaverk hjá flestum, svo voru teiknaðar sjálfsmýndir, ort ljóð og fleira. Eftir ratleikinn fengu sér allir hressingu og grillaðar voru

hátt í 350 pylsur og með þeim drukknir appelsínu- og eplasafar. Eftir hádegi var frjáls tími og voru margir sem skelltu sér í sund á Hvammstanga en aðrir notuðu tímamann og hvíldu sig.

Söngstundin var á undan nammi-karlinum. Hún var mjög vinsæl og stefnt að því að hún verði árviss

og til að foreldrarnir gætu ekki skorast undan því að taka undir var textablöðum dreift. Þar sem veðrið var frekar kalt þá gerðum við okkur heimakomin og borðuðum inni á félagsheimilinu á ótal langborðum og spjölluðum saman. Krakkarnir léku sér og trölluðu fram eftir kvöldi eins og vant er í útilegunum.



Matarhornið

Jiaozi



Jiaozi (borið fram tjásur), eða soðkökur, er þjóðlegur og vinsæll réttur sem á sér langa sögu í Kína. Vinsælt kínverskt máltaði hljóðar: „Það er ekkert eins ljúffengt og jiaozi”, svo þið getið rétt í myndað ykkur hve Kínverjar eru hrifnir af þeim.

Á seinni árum eystri Han-keisaraættarinnar fann embættismaður að nafni Zhang Zhong Jing upp á nýjum rétti til þess að halda hita í fátækum fólkum á köldum vetrum. Þessi réttur var búinn til úr alls kyns fyllingum eins og lambakjöti, papriku og lækningajurtum. Eftir það fór fólk einnig að búa til jiaozi soðkökur.

Jiaozi er matur sem mun án efa sjást á borðum á vorhátiðum. Vanalega býr fólk þær til á gamlárskvöld fyrir miðnætti og borðar þær síðan um leið og nýja árið gengur í garð.

Jiaozi eru svipaðir í laginu og fornir, kínverskir gull- og silfurmolar og þegar fólk borðar soðkökurnar á hátiðum þá vonast það til þess að þeir færí þeim gæfu og velsæld. Stundum er bætt sætindum, þurrkuðum ávöxtum eða hnetum í sumar soðkökurnar sem eiga að tákna aðrar óskir. Þeir sem fá kökur með sætindum eiga því von á betri (sætari) tímum. Þeir sem fá þurrkuðu ávextina og hneturnar gætu átt von á barni fljótlega því kínverska orðið fyrir þurrkaða ávexti (Zao) er það sama og „fljótlega” og orðið fyrir hnetur (Zhenzi) er mjög líkt orðinu fyrir börn (Zi). Einnig er stundum settur peningur í soðkökuna og sá sem fær hann getur þá átt von á að verða ríkur í framtíðinni.

Í dag er Jiaozi orðinn mikilvægur hluti af kínverskri matarmenningu og fyrir áramótin kemur öll fjölskyldan saman og gerir jiaozi rétt eins og margar fjölskyldur hér gera laufabruð saman. Það er því tilvalið fyrir fjölskyldur eða jafnvél fólk sem hefur farið saman út að ná í börnin sín að hittast og gera saman soðkökur og borða.

Deig

450g hveiti

450 ml vatn

Smá olía

Setjið hveitið í skál og bætið vatni og olíu við smá saman meðan deigið er hnoðað. Þegar deigið er orðið pétt og slétt er settur yfir það rakur klútur og það látið bíða í 25- 30 mín.

Fylling

450g kínakál

450g svínahakk

3 vorlaukar, saxaðir smátt – má nota þúrrlauk

1 msk fint söxuð engiferrót

1 tsk fint saxaður hvítlaukur

1 tsk salt

1 ½ - 2 msk Superior SoySauce fæst hjá Nings á Suðurlandsbraut

2 tsk sesamolia.

Ídýfa

Í skál fyrir hvern og einn eru settar nokkar matskeiðar af ediki, Chibiang Vinegar, fæst hjá Nings, soyasósu og nokkrir dropar af sesamoliu.

· Kínakálið saxað og blandað saman við hakkið og kryddið.

· Deigið er tekið og rúllað út í lengjur sem eru um 2 cm í þvermál og skorið í bita, hver um 2 cm á lengd. Hver biti er flattur út í þunnar kökur sem eru um 7-8 cm í þvermál og kjötfyllingin sett í miðju hverrar köku sem síðan eru brotnar saman í hálfmána, eða nokkurskonar náthúfur.

· Gæta þarf þess að deigið sé allsstaðar lokað utan um kjötdeigið.


· Jiaozunum er síðan raðað á bakka.

· Vatn er sett í pott og suðan látin koma upp, jiaozunum er skellt út í og þegar suðan kemur upp er bætt við köldu vatni þannig að suðan detti niður.

· Suðan er látin koma upp tvisvar í viðbót og í bæði skiptin er bætt köldu vatni út í. Þegar þetta er búið eru jiaozurnar tilbúnar og teknar upp og vatnið látið leka af þeim.

· Hver gestur er síðan með sína skál af ídýfu sem hann dýfir jiaozunum í þegar þær eru snaðdar.




Einnig er hægt að búa til jiaozi og frysta ósoðnar til að sjóða seinna.



Brjótið kökurnar saman varlega eins og hér er sýnt svo þær rifni ekki. Gætið þess að þær blotni ekki of mikið og klemmið þett saman svo þær opnist ekki í suðunni.


Gíslína Ólafsdóttir tók saman.

Jólaböll í Reykjavík og á Akureyri 2004.



OILILY
*Fallleg fót
á konur og
börn*

ENGLABÖRNÍN
Laugavegur 51
Reykjavík ☎ 552-2201



Töfrar Indlands gleðja öll skilningarvitin!
Viltu smakka, hlusta, snerta, ilma og horfa?



Alvörubúðin

Eyravegi 3, Selfossi
482-4410, www.alvara.is

**GJAFIR
FYRIR SÆLKERA**

Bragðgóðar gjafapakkningar
með kertum, kryddum, tónlist
og öðru goðgæti.

La Vida

Gjafir fyrir sæklera



Laugavegur 51, 101 Reykjavík sími 552 8881